



## Kynlífsvirkni unglunga og samskipti þeirra við foreldra

Kolbrún Þ. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson

► Abstract    ► Um höfundana    ► About the authors    ► Heimildir

Íslensk ungmenni byrja að stunda kynlíf að jafnaði fyrr en flest önnur evrópsk ungmenni. Unglingar sem byrja snemma að hafa samfarir eru í aukinni hættu á að upplifa neikvæðar afleiðingar kynlífs, svo sem þvingun, smitsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Miklu skiptir að foreldrar leggi sig fram um að skapa traust til að ungmenni geti leitað til þeirra og rætt vangaveltur sínar og áhyggjur. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á tengsl milli kynlífsvirkni íslenskra unglunga og þess hversu auðvelt þeim finnst að tala við foreldrana um áhyggjur sínar. Einnig er skoðað hvort tengsl séu milli kyn foreldris og kyns unglings og ofangreindra þátta. Niðurstöður byggjast á alþjóðlegu rannsókninni Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC) sem lögð var fyrir íslenska unglunga í febrúar 2014. Þátttakendur voru 3.618 nemendur úr 10. bekk sem mættir voru í skólann þann dag sem könnunin var lögð fyrir. Niðurstöður sýna að um fjórðungur svarenda hefur haft samfarir, 24,4% pilta og 23,0% stúlkna. Þá sýna gögnin að unglingar sem eiga erfitt með að tala við foreldra sína um það sem veldur þeim áhyggjum eru líklegri til þess að hafa byrjað snemma að hafa samfarir en jafnaldrar þeirra. Bæði kyn virðast vera í lakari samskiptum við feður sína en mæður og stúlkur meta þau verri en strákar. Mest áhrif á kynlífsvirkni sjást meðal þeirra unglunga sem meta samskipti sín við feður mjög erfið, þar sem þeir sem hafa haft samfarir eru um það bil tvöfalt líklegri til að meta samskiptin með þeim hætti en þeir sem aldrei hafa stundað kynlíf. Rannsóknin sýnir að ákveðinn hópur unglunga í 10. bekk sem er byrjaður að stunda kynlíf telur sig eiga erfitt með að ræða við foreldra sína. Niðurstöður gefa tilefni til þess að kannað sé hvernig veita megi þeim hópi betri stuðning.

*Efnisorð:* Kynlífsvirkni, unglingar, samskipti, foreldrar, kynjamunur.

### Inngangur

Unglingsárin einkennast af margs konar nýjum sálfræðilegum og félagslegum áskorunum fyrir einstaklinginn. Veigamikill þáttur þessa skeiðs er að þá þróa ungmennin kynvitund sína og fara að prófa sig áfram í kynlífi. Kynheilbrigði skiptir því ekki aðeins máli fyrir líkamlega heilsu ungmenna heldur ekki síður hina sálrænu. Kynheilbrigði unglunga hefur enda verið gert að forgangsatríði í stefnumótun flestra vestrænna ríkja í heilbrigðismálum (Avery og Lazdane, 2008; World Health Organization [WHO], 2016). Fyrri rannsóknir bentu til þess að íslensk ungmenni byrjuðu að jafnaði fyrr að stunda samfarir en erlendir jafnaldrar þeirra (Sóley S. Bender, 2016), en á síðustu árum hefur dregið verulega úr því að íslenskir unglingar byrji svo snemma (Inchley o.fl., 2016). Því yngri sem unglingar eru þegar þeir byrja að stunda kynlíf, þeim mun meiri líkur eru á að ýmsir áhættuþættir fylgi, svo sem þvingað kynlíf, ótímabærar þunganir og kynsjúkdómar (Hansen, 2010). Miklu skiptir að ungmenni átti sig á mikilvægi þess að kynlíf eigi sér stað með samþykki beggja aðila og að það byggist á trausti og gagnkvæmum trúnaði. Þá er mikilvægt að

Þau hafi aðgang að og kunni að nota viðeigandi getnaðarvarnir (Sóley S. Bender, 2012). Einnig er mikilvægt að hafa í huga að fjölmargir upplifa ofbeldishegðun tengda kynlífi, og á það ekki síst við um unglunga. Í nýlegri íslenskri rannsókn sögðust tæplega 16% unglunga í 10. bekk hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi (Ársæll Arnarsson, Kristín Heba Gísladóttir og Stefán Hrafn Jónsson, 2016).

Áður en lengra er haldið skal tekið fram að í þessari grein er hugtakið kynlífsvirkni notað yfir það að stunda samfarir eða hafa söfið hjá. Rétt er að hafa í huga að kynhegðun hefst vissulega mun fyrr og að undir kynlíf fellur fjöldamargt annað en eiginlegar samfarir. Hins vegar verða ákveðin skil þegar einstaklingur fer að stunda samfarir og því er hér beint sjónum að því tímabili.

Vandasamt er að draga ályktanir eða yfirfæra niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á reynslu og viðhorfum ungmenna af kynlífi og samskiptum við foreldra á íslenskt samfélag og öfugt, þar sem menning og félagslegar aðstæður geta verið mjög ólíkar og mótað rannsóknarniðurstöður. Í alþjóðlegri rannsókn á heilsu og líðan skólábarna (Health and Behaviour of School-Aged Children – HBSC) veturinn 2013–2014 kom í ljós að mikill munur var milli þátttökulanda á hlutfalli 15 ára unglunga sem sögðust hafa haft samfarir. Þannig sögðust 40% búlgarskra pilta hafa haft samfarir samanborið við 15% hollenskra pilta. Í sömu rannsókn kom fram að 23% stúlkna og 24% drengja í 10. bekk á Íslandi höfðu haft samfarir. Sami breytileiki kom einnig fram í smokkanotkun, 7% grískra pilta sögðust ekki hafa notað smokk við síðustu samfarir samanborið við 72% pólskra pilta. Meðal íslenskra unglunga sögðust 35% stúlkna og 28% stráka ekki hafa notað smokk við síðustu samfarir (Inchley o.fl., 2016).

Flestar rannsóknir sýna að kynlífsvirkni snemma á unglingsárum sé þáttur í viðtækari áhættuhegðun þar sem einnig getur komið við sögu vímuefnanotkun og óvarið kynlíf (Poulin og Graham, 2001). Bandarísk langtímarannsókn sýndi að það að byrja snemma að hafa samfarir gat haft mikil áhrif á sjálfsmynd ungmenna, vellíðan, félagslega stöðu og kynhegðun í framtíðinni (Fergus, Zimmerman og Caldwell, 2007). Einnig sýndu niðurstöður rannsakernda töluverðan mun á áhættuhegðun ungmenna eftir kynþætti. Þó kynlífsvirkni ungmenna sé gjarnan tengd við áhættuhegðun er ljóst að ástundun kynlífs er forsenda þess að þroskast sem manneskja og skapa nán tengsl við aðra. Heilborn og Cabral (2010) héldu því til að mynda fram að fara þyrfti varlega í það að líta ávallt á barneignir ungmenna sem óæskilegar heldur væri um að ræða félagslegt fyrirbæri sem yrði þáttur í lífi sumra einstaklinga og gæti jafnvel verið valdeflandi.

Samskipti við foreldra móta andlega, líkamlega og félagslega þætti í lífi unglingsins. Þannig hafa foreldrarnir einnig mótandi áhrif á kynhegðun unglunga sinna. Sálfræðingurinn og geðlæknirinn John Bowlby (1977) setti fram grundvallarkenningu um eðli heilbrigðra tengsla milli foreldra og barna. Hann lýsti því einnig hvernig skortur á slíkum tengslum leiddi til sálfræðilegra vandamála. Samkvæmt þessari kenningu hafa foreldratengsl áhrif á þroska einstaklingsins yfir allt æviskeiðið og setja mark sitt á öll nán sambönd. Þó að það sé eðlilegur hluti af þroska unglingsáranna að einstaklingurinn leiti eftir meira sjálfstæði og að félagahópurinn fái aukið vægi á kostnað foreldranna, þá gegna hinir síðarnefndu enn lykilhlutverki í að styðja börn sín á þessu aldurskeiði. Auknu sjálfræði unglingsins geta oft fylgt annars konar breytingar á sambandi foreldris og barns, svo sem minni nánd og lauslegri tengsl (Bulanda og Majumdar, 2009). Engu að síður hafa mælingar á stuðningi foreldra sýnt fylgni við ýmsa þætti tengda andlegri vellíðan unglunga (Parker og Benson, 2004). Langtímarannsókn Bulanda og Majumdar (2009) leiddi til að mynda í ljós tengsl á milli samskipta við foreldra og sjálfstrausts unglunga. Góð foreldratengsl auka einnig tilfinningalega vellíðan unglunga (Carlson, Sampson og Sroufe, 2003), félagshæfni (Bohlin, Hagekull og Rydell, 2000) og námsárangur (Jacobsen og Hofmann, 1997). Rannsókn Flouri og Buchanan (2003) sýndi enn fremur fram á fylgni milli góðra foreldratengsla og minni tíðni sjálfsvígshæðunar. Slök foreldratengsl hafa á hinn bóginn fylgni við kvíðaraskanir (Warren, Houston, Egeland og Sroufe, 1997), ýgi (Finzi, Ram, Har-Even, Shnit og Weizman, 2001), brottfall úr námi (Marcus og Sanders-Reio, 2001), þunglyndi (Graham og Easterbrooks, 2000) og sjálfsvíg (Adams, Sheldon-Keller og West, 1996).

Niðurstöður rannsókna hafa einnig bent til þess að foreldratengsl hafi þein áhrif á kynhegðun unglínga. Lenciauskiene og Zaborskis (2008) sýndu fram á að unglíngar sem áttu í góðum samskiptum við móður sína voru ólíklegri til að hafa byrjað að stunda kynlíf fyrir 16 ára aldur. Fleiri rannsóknir benda til þess að foreldrar, ekki síst mæður, hafi á margvíslegan hátt áhrif á kynlífsvirkni og kynhegðun ungmenna (Commendador, 2010; Wetherill, Neal og Fromme, 2010). Skortur á stuðningi og eftirliti foreldra með ungmenni virðist leiða til minni samskipta og auka líkur á áhættuhegðun og kynlífsvirkni ungmennisins (Wetherill o.fl., 2010). Þó er rétt að hafa í huga að ekki er endilega verið að tala um að foreldrar ræði títt og opinskátt um kynlíf við ungmenni sín, heldur fremur að foreldrar séu til staðar og að á milli þeirra og barna þeirra ríki traust. Til að mynda drógu Lenciauskiene og Zaborskis (2008) þá ályktun af rannsókn sinni að það að búa við heilsteypt og öruggt fjölskyldumynstur væri mikilvægara en að foreldrar ræddu við börn sín um kynlíf.

Jákvæðu fréttirnar eru þær að ungmenni á Íslandi virðast eyða meiri tíma með foreldrum sínum en áður. Til að mynda sögðust 33% 14–15 ára unglínga árið 2006 oft eða nær alltaf eyða tíma með foreldrum sínum um helgar en 63% svöruðu á þennan hátt árið 2014 (Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands, 2015). Langtímarannsókn í Tékklandi á samskiptum unglínga og foreldra yfir árin 2002–2014 bendir til þess að almennt séu samskipti þeirra að styrkjast (Vašíčková, Hodačová, Půžová og Tabaka, 2017). Ný langtímarannsókn á Norðurlöndum (Arnarsson, Portebny, Torsheim og Eriksson, í prentun) sýnir svipaðar niðurstöður. Sérstaklega virðast tengsl norrænna unglínga við feður sína hafa styrkst á undanförunum áratug, en þess ber þó að geta að tengsl þeirra við mæður sínar eru samt talsvert sterkari alls staðar á Norðurlöndum. Í rannsókn á samskiptum unglínga við foreldra og sjálfsmýnd þeirra kom í ljós að stúlkur höfðu tilhneigingu til að vera í nánari samskiptum við foreldra og upplifðu sig undir strangara félagslegu eftirliti. Þó höfðu nán tengsl við foreldra minni áhrif á jákvæða sjálfsmýnd stúlkna; drengir sem mátu samskipti við foreldra sterk höfðu yfirleitt jákvæðari sjálfsmýnd (Vašíčková o.fl., 2017).

Ýmsum spurningum er enn ósvarað. Til að mynda hefur kynlífsvirkni ungmenna og tengsl við samskipti við foreldra ekki verið könnuð sérstaklega hér á landi. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á tengsl milli kynlífsvirkni íslenskra unglínga í 10. bekk og þess hversu auðvelt þeim finnst að ræða við foreldrana um áhyggjur sínar. Auk þessa vildum við skoða hvort kyn foreldris og kyn unglíngs hefðu áhrif á svör þeirra síðarnefndu.

## Aðferð

Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC) er fjölþjóðleg rannsókn, studd af Alþjóðaheilbrigðismálstofnuninni (WHO), þar sem unglíngar eru spurðir um ýmsa þætti varðandi heilsu, líðan og félagslegar aðstæður (Inchley o.fl., 2016). Fyrsta fyrirlögnin fór fram veturinn 1983–1984 og hún hefur síðan verið endurtekin fjórða hvert ár. Frá árinu 2006 hefur þessi rannsókn verið lögð fyrir á Íslandi.

Í febrúar 2014 var íslensk þýðing á spurningalista rannsóknarinnar lögð fyrir unglínga í öllum skólum landsins sem mættir voru í skólann fyrirlagnardaginn. Spurningar um kynlífsvirkni voru einungis lagðar fyrir nemendur í 10. bekk, en af þeim tóku 3.618 þátt, eða sem samsvarar 85% allra nemenda á landinu sem þá voru skráðir í 10. bekk. Hér var því um þýðisrannsókn að ræða með þeim fyrirvara að nemendur í sérskólum voru undanskildir. Kynjaskipting var nánast jöfn, 1.783 (50,7%) svarendur voru karlkyns og 1.731 (49,3%) kvenkyns, en 104 nemendur svöruðu ekki spurningunni um kyn.

Áður en gagnasöfnun hófst var spurningalistinn sendur, ásamt rannsóknaráætlun, til Persónuverndar og Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands. Engar athugasemdir voru gerðar við fyrirhugaða framkvæmd. Að því fengnu voru öllum skólastjórum á Íslandi sem höfðu nemendur í viðkomandi bekkjardeild sendar sömu upplýsingar ásamt ósk um að þeir tækju þátt. Aðeins einn skóli hafnaði þátttöku. Síðan var öllum foreldrum og forráðamönnum sent kynningarbréf og þeim gefið tækifæri til að hafna þátttöku barnsins. Eitt foreldri kaus að nýta sér þann rétt.

Notuð var stöðluð aðferð við söfnun gagna í skólunum. Spurningalistum var dreift í ómerktu umslagi meðal nemenda sem mættir voru í kennslustund fyrirlagnardaginn. Borð nemenda voru færð í sundur til þess að tryggja að svarendur sæju ekki svör annarra og hver og einn skilaði svo gögnunum í ómerktu umslagi sem síðan var límt aftur. Á forsíðu listans var stutt lýsing á rannsókninni ásamt skýrum skilaboðum þess efnis að jafnvel þótt foreldrar þeirra og skólafirvöld hefðu gefið leyfi, þá væri nemendum sjálfum algjörlega frjálst að neita þátttöku eða að sleppa því að svara ákveðnum spurningum. Þegar nemendur höfðu lokið við að svara listunum var þeim safnað saman og þeir settir í lokaðan kassa. Nemendum var því ljóst að um nafnlausa könnun væri að ræða sem ekki yrði með neinu móti rakin til þeirra.

Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður spurninga sem vörðuðu kynlífsvirkni unglunga og samskipti þeirra við foreldra. Allir þátttakendur í 10. bekk voru beðnir að taka afstöðu til spurningarinnar „Hefur þú einhvern tímann haft samfarir (stundum kallað að sofa hjá)?“ Þessi spurning hefur verið í alþjóðlega HBSC-listanum frá árinu 2001 en er upprunnin úr rannsókninni „Youth Risk Behavior Surveillance“ sem Centers for Disease Control and Prevention framkvæmdi í Bandaríkjunum (Eaton o.fl., 2006). Réttmætisrannsókn sem gerð var í Frakklandi, Írlandi, Rúmeníu og Ungverjalandi (Young, 2013) leiddi í ljós að 96,7% þátttakenda í HBSC-rannsókninni í þessum löndum tóku afstöðu til þessarar spurningar. Aðeins fjórir af 582 sögðu að erfitt væri að skilja spurninguna og tveir þátttakendur töldu hana of persónulega. Í HBSC-fyrirlögn á Íslandi árið 2006 var í fyrsta sinn spurt sérstaklega um kynhneigð og voru þá notuð helmingaskipti til að skoða áreiðanleika (e. split-half reliability). Í ljós kom að nákvæmlega sama hlutfall svarenda sagðist hafa haft samfarir, óháð því hvort þeir fengu spurningalista með spurningu um aðra kynhneigð eður ei.

Samskipti við foreldra voru metin með því að spyrja hversu auðvelt unglingarnir ættu með að tala við mæður sínar eða fedur um það sem ylli þeim áhyggjum. Svarmöguleikarnir voru fimm: „Mjög auðvelt“, „Auðvelt“, „Erfitt“, „Mjög erfitt“ og „Á ekki við eða hitti ekki viðkomandi“. Þessi spurning hefur verið á HBSC-listanum frá árinu 1994 og nokkrar réttmætis- og áreiðanleikarannsóknir verið gerðar en ekki birtar. Í þeim hefur Cronbach-alfagildið mælt 0,8. Fylgni við niðurstöður annarra mælitækja hafa verið eftirfarandi: Inventory of parent and peer attachment 0,57 og Multidimensional Scale of Perceived Social Support 0,48. Rýnihóparannsóknir meðal unglunga benda einnig til þess að yfirborðsréttmæti spurningarinnar sé gott.

Gögnin voru skönnuð inn og tölfræðileg úrvinnsla (lýsandi tölfræði og tvíkosta aðhvarfsgreining) var framkvæmd með IBM SPSS-tölfræðiforritinu fyrir Windows (útgáfa 24,0. Armonk, N.Y.: IBM). Fylgibreytan var kynlífsvirkni en frumbreyturnar gæði samskipta, kyn svarenda og kyn foreldra þeirra.

## Niðurstöður

Af 3.618 nemendum sem tóku þátt í könnuninni svöruðu 3.545 (98,0%) spurningunni um það hvort þeir hefðu haft samfarir. Alls sögðust 74,6% aldrei hafa haft samfarir en 23,4% svöruðu því játandi. Piltar voru örlítið líklegri til að svara spurningunni játandi en stúlkur, eða 24,4% samanborið við 23,0%.

Tafla 1 sýnir tengsl milli kynlífsvirkni unglunga og þess hversu auðvelt þeir áttu með að tala við mæður sínar um það sem ylli þeim áhyggjum. Eins og sést af töflunni, þá eru þeir unglingar sem hafa haft samfarir tvöfalt líklegri til að eiga í erfiðum samskiptum við mæður sínar en hinir. Þessi áhrif koma sterkar fram hjá stelpum en strákuum. Munurinn milli stráka og stelpna kemur helst fram meðal þeirra sem segjast eiga mjög auðveld samskipti við móður. Meðal stelpnanna virðist sú upplifun tengjast minni líkum á því að hafa haft samfarir en munurinn er miklu minni hjá strákuunum.

**Tafla 1.** Tengsl kynlífsvirkni unglunga í 10. bekk og samskipta við mæður.

	Haft samfarir	Aldrei haft samfarir
<i>Stelpur</i>		
Mjög auðveld	40,6%	54,2%
Auðveld	30,3%	32,1%
Erfið	18,0%	9,6%
Mjög erfið	8,5%	3,3%
Hitti ekki móður	2,6%	0,8%
<i>Strákar</i>		
Mjög auðveld	50,0%	56,0%
Auðveld	31,0%	34,4%
Erfið	13,2%	7,6%
Mjög erfið	3,9%	1,3%
Hitti ekki móður	2,0%	0,7%
<i>Bæði kyn samtals</i>		
Mjög auðveld	45,8%	55,1%
Auðveld	30,5%	33,1%
Erfið	15,1%	8,5%
Mjög erfið	6,0%	2,3%
Hitti ekki móður	2,6%	0,8%

Í töflu 2 eru sýnd tengslin milli kynlífsvirkni unglunga og þess hversu auðvelt þeir áttu með að tala við feður sína um það sem ylli þeim áhyggjum. Bæði kyn virðast vera í lakari samskiptum við feður sína en mæður og stúlkur meta þau verri en strákar. Mest áhrif á kynlífsvirkni sjást meðal þeirra unglunga sem meta samskipti sín við feður mjög erfið þar sem þeir sem hafa haft samfarir eru um það bil tvöfalt líklegri til að meta samskiptin með þeim hætti en þeir sem aldrei hafa stundað kynlíf. Hjá strákunum er lítill munur á því hvernig þeir upplifa samskipti sín með öðrum hætti en mjög erfið og líkunum á því að þeir hafi haft samfarir. Kynlífsvirkni stúlkna virðist hafa meiri tengsl við samskipti þeirra við feður en kynlífsvirkni stráka. Stúlkur sem aldrei hafa haft samfarir eru þannig líklegri til þess að meta samskipti sín við feður auðveld eða mjög auðveld.

**Tafla 2.** Tengsl kynlífsvirkni unglunga í 10. bekk og samskipta við feður

	Haft samfarir	Aldrei haft samfarir
<i>Stelpur</i>		
Mjög auðveld	22,6%	30,6%
Auðveld	31,7%	40,5%
Erfið	20,8%	15,9%
Mjög erfið	16,4%	8,1%
Hitti ekki föður	8,6%	4,9%
<i>Strákar</i>		
Mjög auðveld	41,4%	43,9%
Auðveld	32,7%	38,3%
Erfið	13,8%	11,4%
Mjög erfið	6,0%	3,4%
Hitti ekki föður	6,0%	2,9%
<i>Bæði kyn samtals</i>		
Mjög auðveld	33,0%	37,2%
Auðveld	31,6%	39,5%
Erfið	16,8%	13,5%
Mjög erfið	10,9%	5,8%
Hitti ekki föður	7,6%	3,9%

Áhrif samskipta unglunga við foreldra á kynlífsvirkni voru skoðuð með tvíkosta aðhvarfsgreiningu. Í tilfalli stúlkanna juku góð samskipti við föður marktækt líkurnar á því að þær hefðu ekki haft samfarir. Þrátt fyrir tölfræðilega marktækni ( $p=0,04$ ) var gagnlíkindahlutfallið (e. odds ratio) hins vegar frekar lágt (O.R.=1,062) og 95% öryggismörkin (e. confidence interval) stóðu nærri 1,000 (95% C.I.=1,002-1,125). Áhrif samskipta við móður á kynlífsvirkni stúlkna voru á hinn bóginn mun sterkari (O.R.=1,352; 95% C.I.=1,202-1,522;  $p=0,000$ ) sem þýðir að þær unglingsstúlkur sem eru í góðum samskiptum við móður sína eru mun ólíklegri til að hafa haft samfarir fyrir 16 ára aldur.

Þegar svör stráka voru skoðuð með tvíkosta aðhvarfsgreiningu kom í ljós að samskipti við mæður höfðu ekki marktæk áhrif á kynlífsvirkni þeirra. Hins vegar kom í ljós að því betri sem samskiptin við föður voru, þeim mun ólíklegri var að strákarnir hefðu haft samfarir fyrir 16 ára aldur (O.R.=1,143; 95% C.I.=1,035-1,261;  $p=0,008$ ).

## Umræða

Rannsóknin sem hér hefur verið kynnt sýnir fram á tengsl milli kynlífsvirkni unglunga og samskipta þeirra við foreldra. Niðurstöður benda til þess að fylgni sé á milli þess hversu auðvelt unglingar eiga með samskipti við foreldra og kynlífsvirkni, þ.e.a.s. það er ólíklegri að unglingar í 10. bekk sem upplifa auðveld samskipti við foreldra séu byrjaðir að stunda kynlíf. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir í öðrum löndum. Til dæmis sýndu Lenciauskiene og Zaborskis (2008) fram á að unglingar sem áttu í góðum samskiptum við móður sína voru ólíklegri til að

hafa byrjað að stunda kynlíf fyrir 16 ára aldur. Í rannsókn Whitaker og Miller (2000) kom fram að opin samskipti um kynhegðun og notkun smokka hafði mikil áhrif á kynhegðun unglunga. Meðal þeirra unglunga sem höfðu ekki rætt við foreldra sína um þessi mál urðu viðhorfin innan félagahópsins ráðandi en í þeim tilfellum sem foreldrarnir höfðu tekið þessa umræðu hafði það mikil áhrif (Whitaker og Miller, 2000). Léleg samskipti við foreldra um þessi mál urðu því til þess að unglingarnir leituðu frekar til jafnaldra sinna eftir ráðleggingum.

Um fjórðungur íslenskra ungmenna í 10. bekk hefur haft samfarir, samkvæmt þessari rannsókn. Rannsóknir benda til þess að ýmislegt annað en aldur hafi áhrif á upplifun ungmenna af fyrstu kynlífsreynslu, svo sem samskiptahæfni og félagsleg staða. Neikvæð upplifun af fyrstu samförum tengist gjarnan því að ungmennin voru ekki í rómantísku sambandi eða að annað þeirra upplifði þrýsting frá hinu (IPPF European Network, 2012). Því er augljóst að það að geta leitað til foreldra sinna vakni áhyggjur eða spurningar tengdar kynlífi skiptir miklu máli þegar einstaklingurinn er að stíga sín fyrstu skref á þessu sviði. Niðurstöður okkar renna stöðum undir mikilvægi þess að foreldrar hlúi að börnum og byggi upp góð tengsl til að auðvelda unglungum að leita til sín og stuðli að því að þeir taki upplýstar ákvarðanir í um kynhegðun.

Kynfræðsla felst ekki eingöngu í því að veita ungmennum upplýsingar heldur einnig að gera þeim kleift að ræða um viðhorf til kynlífs og samskipta (Sóley S. Bender, 2012). Því má ætla að foreldrar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í því að móta hugmyndir unglunga sinna um heilbriggt kynlíf og viðhorf þeirra til þess. Rannsóknir á uppeldisháttum foreldra benda til þess að foreldrar sem beiti leiðandi uppeldisháttum fremur en skipandi eða afskiptalitlum styðji betur félags- og tilfinningaþroska barna sinna (Baumrind, 1991). Leiðandi uppeldishættir felast í því að setja unglungum skynsamleg mörk og leggja áherslu á að ræða við þá, sýna þeim hlýju og traust (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016).

Þá sýna niðurstöður þessarar rannsóknar ótvírætt fram á að á Íslandi hefur kyn unglunga áhrif á bæði samskipti við foreldra og kynhegðun, eins og alþjóðleg gögn hafa sýnt (Brooks, 2016; Inchley o.fl., 2016). Tengsl við föður virðast hafa meiri áhrif á kynhegðun drengja en samskipti þeirra við móður, en það bendir til þess að mikilvægt sé að drengir geti rætt um áhyggjuefni sín við feður. Í rannsókn Ársæls Arnarssonar og Hermínu Gunnþórsdóttur (2016) kom fram að íslenskir unglingar af báðum kynjum mátu samskipti sín við feður jákvæðari en börn frá öllum 43 samanburðarlöndunum. Niðurstöður þeirra sýndu að flest íslensk börn og ungmenni upplifa það að feður þeirra séu til staðar og auðvelt sé að ná til þeirra. Engu að síður kom skýrt fram að íslenskar mæður voru í marktækt betri tengslum við börn sín en feður. Þetta kemur einnig fram í þeirri rannsókn sem hér er kynnt, enda eru notuð gögn úr HBSC-rannsókninni í báðum tilfellum. Þetta er hins vegar einnig í samræmi við niðurstöður annarra (Pleck og Masciadrelli, 2004) sem benda til að feður taki minni þátt í uppeldi unglunga en mæður og að unglingarnir upplifi sterkari tengingu við þær.

Rétt er að ítreka að meirihluti íslenskra unglunga virðist eiga auðvelt með að ræða við foreldra sína um áhyggjur sínar. Þó er ástæða til að skoða enn betur þann hóp sem telur sig eiga erfitt með að ræða áhyggjur sínar við foreldra sína, hvort sem um er að ræða mæður eða feður. Gögnin sem hér hafa verið kynnt sýna að ákveðinn hóp unglunga í 10. bekk sem er byrjaður að stunda kynlíf telur sig eiga erfitt með að ræða við foreldra sína. Á unglingsárunum geta góð samskipti við foreldra haft mikil áhrif á þróun félagslegra gilda, veitt ungmennunum styrk til að fást við krefjandi aðstæður og hjálpað þeim að sneiða hjá ýmsum neikvæðum þáttum sem tengjast áhættuhegðun, eins og reykingum, vímuefnanotkun og ofbeldi. Opin samskipti innan fjölskyldna tengjast einnig minni líkum á áhættusamri kynhegðun á unglingsaldri. Í þeim tilfellum þar sem þessi samskipti eru lakari koma hins vegar oft fram alvarlegar afleiðingar tengdar heilsu og vellíðan (Brooks, 2016; Duncan o.fl., 2007; Whitaker og Miller, 2000).

Annmarkar rannsóknarinnar sem hér var kynnt eru meðal annars þeir að mæling á samskiptum við foreldra var mjög einföld, þar sem eingöngu er miðað við svar við einni spurningu. Samskipti við foreldra felast einnig í margvíslegu daglegu samneyti og jafnvel því einu að foreldrar og unglingar séu heima á sama tíma (Bulanda og Majumdar, 2009). Því ber að taka niðurstöðum

með fyrirvara um það hve margþætt samskiptaformin eru; hér hefur eingöngu verið miðað við mat unglunganna sjálfra á því hve auðvelt eða erfitt þeim þyki að ræða við móður sína eða föður um áhyggjur sínar. Þá var kynlífsvirkni mæld með tvíkosta spurningu til unglunganna sjálfra um það hvort þeir hefðu stundað samfarir, þar sem boðið var upp á að svara neikvætt eða jákvætt. Engin tilraun var gerð til að gera greinarmun á þeim ungmönnum sem gætu hafa stundað samfarir margoft eða þeirra sem hefðu sofið hjá aðeins einu sinni. Ungmennni eru hópur ólíkra einstaklinga með fjölbreyttan félagslegan bakgrunn sem mótar viðhorf þeirra og reynslu. Ljóst er að fjölbreyttari rannsóknaraðferðir, svo sem viðtöl við ungmenni, myndu dýpka mjög þær rannsóknarniðurstöður sem hér voru kynntar.

Engu að síður er rannsókn þessi þýðingarmikið framlag til að varpa ljósi á kynlífsvirkni íslenskra ungmenna og möguleg tengsl við foreldra. Niðurstöður staðfesta að kyn foreldra og kyn ungmenna mótar reynslu þeirra. Frekari rannsókna er þörf til að skoða reynslu ólíkra þjóðfélagshópa, svo sem LBGTQ-ungmenna og fatlaðra ungmenna, og til að varpa ljósi á reynslu feðra og mæðra af því að skapa og viðhalda traustum og opnum samskiptaleiðum við ungmenni sín.

### **Sexual activity of teenagers and communication with parents**

Teenagers face many psychological and social challenges, amongst them to develop as sexually responsible individuals. Early adulthood is characterized by increased independence and the peer group often shapes the values and activities of individuals. However, parents still have an important role as they help their teenagers to navigate the sometimes stormy waters of early adulthood. The purpose of the present study is to explore the connections between the sexual activities of teenagers and their self-reported quality of relationships with parents. Also to explore whether gender is a significant factor in teenagers' responses. We used the Icelandic data set from the 2014 Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study. The sample consisted of 3618 grade 10 Icelandic adolescents; 1731 girls and 1783 boys. The participants were asked whether they had experienced sexual intercourse; and they were also asked to evaluate how easy or difficult they find talking to their parents about their concerns.

Research has shown that early sexual activity can influence the self-image of teenagers, as well as their wellbeing, social status and future sexual experiences. It has been established that parental support makes a difference and correlates positively with the wellbeing of teenagers. Parents should try to maintain open channels of communication so that teenagers can talk to them about their concerns, such as sex. Early onset sexual activity has been related to other kinds of risky behavior, such as drug abuse and violence. Nevertheless, it is important to recognize that experiencing sex is a normal and important part of early adulthood and sex should, therefore, not be a taboo topic of discussion within families. A recent Icelandic study showed that Icelandic teenagers evaluate communication with their parents as being better than do teenagers from 43 other countries. The majority of participants found it easy or very easy to communicate with parents: 76.3% found it easy or very easy to communicate with their mothers and 64.6% with their fathers. A quarter of 10th graders, 24.4% of boys and 23.0% of girls, had had intercourse. The main result of the study is that teenagers who find it difficult to communicate with their parents are more likely to have had sex. Both girls and boys report worse communication with their fathers than their mothers. Girls rate their communication with parents less favorably than boys. This is line with previous research that indicates that more teenagers connect more easily with mothers than fathers. This study showed that there is a group of teenagers who are sexually active and report that they do not easily communicate with their parents.

**Key words:** Teenagers, sexual activity, communication, parents, gender difference



## Um höfundana

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er dósent og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárprófi í heimspeki árið 1997, meistaranámi í uppeldis- og menntunarfræði árið 2001 og doktorsprófi í menntunarfræðum árið 2012, öllu frá Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið Kolbrúnar eru einkum tengsl formlegs og óformlegs náms, uppeldi og menntun, og samvinna í skóla- og frístundastarfi.

Ársæll Arnarsson (arsaell@hi.is) er prófessor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi í sálfræði 1993, MS-gráðu í heilbrigðisvísindum 1997 og PhD-gráðu í líf- og læknávisindum frá H.Í. árið 2009. Síðastliðinn áratug hafa rannsóknir hans aðallega beinst að heilsufari og líðan unglinga.

## About the authors

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is associate professor and Dean, School of Education, University of Iceland. She earned a BA degree in philosophy in 1997 and a master's degree in education in 2001, both from the University of Iceland. Kolbrún defended her Ph.D. thesis in education at the University of Iceland in 2012. Her research interests include the relationship between formal and informal learning, leisure-time pedagogy and education, and collaboration in education.

Ársæll Arnarsson (arsaell@hi.is) is a professor of leisure studies in the University of Iceland School of Education. He completed a BA degree in psychology in 1993, an MSc degree in Health Sciences in 1997 and a PhD in Biomedical Sciences in 2009 from the University of Iceland. For the past decade his research has focused on the health and well-being of adolescents.

## Heimildir

- Adams, K. S., Sheldon-Keller, A. E. og West, M. (1996). Attachment organization and history of suicidal behavior in clinical adolescents. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 64(2), 264–272.
- Arnarsson, A., Portebny, T., Torsheim, T. og Eriksson, C. (í prentun). *Trends in Nordic adolescents' communication with their parents*. Nordic Welfare Research.
- Avery, L. og Lazdane, G. (2008). What do we know about sexual and reproductive health of adolescents in Europe? *European Journal of Contraceptive and Reproductive Health Care*, 13(1), 58–70.
- Ársæll Arnarsson og Hermína Gunnþórsdóttir. (2016). Íslenskir feður – bestir í heimi? Í Helga Ólafsdóttir og Thamar M. Hejstra (ritstjórar), *Þjóðarspeggill – Rannsóknir í félags- og mannvísindum XVII* (bls. 1–8). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ársæll Arnarsson, Kristín Heba Gísladóttir og Stefán Hrafn Jónsson. (2016). Algengi kynferðislegs áreitiss og ofbeldis gegn íslenskum unglingum. *Læknablaðið*, 102(6), 293–299. doi: 10.17992/ibl.2016.06.87
- Baumrind, D. (1991). Effective parenting during the early adolescent transition. Í P.A. Cowan og M. Hetherington (ritstjórar), *Family transitions* (bls. 111–163). Hillsdale, NJ: Erlbaum.
- Bohlin, G., Hagekull, B. og Rydell, A. (2000). Attachment and social functioning: A longitudinal study from infancy to middle childhood. *Social Development*, 9(1), 24–39.
- Bowlby, J. (1977). The making and breaking of affectional bonds. *British Journal of Psychiatry*, 130(3), 201–210.
- Brooks, F. (2016). Social context. Í J. Inchley, D. Currie, T. Young, O. Samdal, T. Torsheim, L. Augustson, F. Mathison, A. Aleman-Diaz, M. Molcho, M. Weber og V. Barnekow (ritstjórar), *Growing up unequal: Gender and socioeconomic differences in young people's health and well-being* (bls. 21–68). Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- Bulanda, R. E. og Majumdar, D. (2009). Perceived parent-child relations and adolescent self-esteem. *Journal of Child & Family Studies*, 18(2), 203–212. doi.org/10.1007/s10826-008-9220-3
- Carlson, M. J., Sampson, M. C., og Sroufe, L. A. (2003). Implications of attachment theory and research for developmental-behavioral paediatrics. *Journal of Developmental and Behavioral Pediatrics*, 24(5), 364–379.
- Commendador, K. A. (2010). Parental influences on adolescent decision making and contraceptive use. *Pediatric Nursing*, 36(3), 147–170. PMID: 20687307

- Duncan, P., Garcia, A., Frankowski, B., Carey, P., Kallock, E., Dixon, R. og Shaw, J. S. (2007). Inspiring healthy adolescent choices: A rationale for and guide to strength promotion in primary care. *Journal of Adolescent Health, 41*(6), 525–535.
- Eaton, D. K., Kann, L., Kinchen, S., Ross, J., Hawkins, J., Harris, W. A., . . . Centers for Disease Control and Prevention. (2006). Youth risk behavior surveillance—United States. (2005). *Journal of School Health, 76*(7), 353–372.
- Fergus, S., Zimmerman, M. A. og Caldwell, C. A. (2007). Growth trajectories of sexual risk behavior in adolescence and young adulthood. *American Journal of Public Health, 97*(6), 1096–1101.
- Finzi, R., Ram, A., Har-Even, D. Shnit, D. og Weizman, A. (2001). Attachment styles and aggression in physically abused and neglected children. *Journal of Youth and Adolescence, 30*(6), 769–786.
- Flouri, E., og Buchanan, A. (2003). The role of father involvement in children's later mental health. *Journal of Adolescence, 26*(1), 63–78.
- Graham, C. A. og Easterbrooks, M. A. (2000). School-aged children's vulnerability to depressive symptomatology: The role of attachment security, maternal depressive symptomatology, and economic risk. *Development and Psychopathology, 12*(2), 201–213.
- Hansen, B. T., Kjær, S. K., Munk, C., Tryggvadóttir, L., Sparén P., Hagerup-Jenssen, M., Liaw, K. L., Nygård, M. (2010). Early smoking initiation, sexual behavior and reproductive health – a large population-based study of Nordic women. *Preventive Medicine, 51*(1), 68 – 72.
- Heilborn, M. L. og Cabral, C. S. (2010). Teenage pregnancy. From sex to social pathology. Í P. Aggleton og R. Parker (ritstjórar), *Routledge handbook of sexuality, health and rights*, bls. 164–172. New York: Routledge.
- Inchley, J., Currie, D., Young, T., Samdal, O., Torsheim, T., Augustson, L., . . . Barnekow, V. (2016). *Growing up unequal: gender and socioeconomic differences in young people's health and well-being. Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: International report from the 2013/2014 survey*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- IPPF European Network. (2012). *Increasing the knowledge base on young people's sexual and reproductive health and rights in Europe. Summary report of qualitative research conducted in five European countries under the SAFE II project*. Brussel: IPPF European Network.
- Jacobsen, T. og Hofmann, V. (1997). Children's attachment representations: Longitudinal relations to school behavior and academic competency in middle childhood and adolescence. *Developmental Psychology, 33*(4), 703–710.
- Lenciauskiene, I. og Zaborskis, A. (2008). The effects of family structure, parent-child relationship and parental monitoring on early sexual behaviour among adolescents in nine European countries. *Scandinavian Journal of Public Health, 36*(6), 607–618.
- Marcus, R. F. og Sanders-Reio, J. (2001). The influence of attachment on school completion. *School Psychology Quarterly, 16*(4), 427–444.
- Parker, J. og Benson, M. (2004). Parent-adolescent relations and adolescent functioning: Self-esteem, substance abuse, and delinquency. *Adolescence, 39*(155), 519–530.
- Pleck, J. H. og Masciadrelli, B. P. (2004). Paternal involvement by U. S. residential fathers: Levels, sources, and consequences. Í M. E. Lamb (ritstjóri), *The role of the father in child development* (bls. 222–271). Hoboken, NJ: Wiley.
- Poulin, C. og Graham, L. (2001). The association between substance use, unplanned sexual intercourse and other sexual behaviours among adolescent students. *Addiction, 96*(4), 607–621.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk. Tekist á við tilveruna* (bls. 265–286). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sóley S. Bender. (2012). Ferlismat á nýju kynfræðslufni fyrir unglunga. Tímarit hjúkrunarfræðinga, *88*(4), 48–56.
- Sóley S. Bender. (2016). Kynhegðun unglunga. Snemma byrjað að stunda kynlíf. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk. Tekist á við tilveruna* (bls. 315–334). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Vašíčková, J., Hodačová, L., Půžová, Z. og Tabaka, I. (2017). Trends in parent-adolescent communication in the Czech Republic between 2002 and 2014: Results of the HBSC study. *Central European Journal of Public Health*, 25(1), 36–41. doi: 10.21101/cejph.a4952.
- Velferðarráðuneytið og Hagstofa Íslands. (2015). *Félagsvísar 2015* (4. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.
- Warren, S. L., Houston, L., Egeland, B. og Sroufe, L. A. (1997). Child and adolescent anxiety disorders and early attachment. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 36(5), 637–644.
- Wetherill, R. R., Neal, D. J. og Fromme, K. (2010). Parents, peers, and sexual values influence sexual behavior during the transition to college. *Archives of Sexual Behavior*, 39(3), 682–694.
- Whitaker, D. J. og Miller, K. S. (2000). Parent-adolescent discussions about sex and condoms: Impact on peer influences of sexual risk behavior. *Journal of Adolescent Research*, 15(2), 251–273.
- World Health Organization. (2016). Action plan for sexual and reproductive health. Towards achieving the 2030 agenda for sustainable development in Europe – leaving no one behind. Sótt af [http://www.euro.who.int/\\_\\_data/assets/pdf\\_file/0003/322275/Action-plan-sexual-reproductive-health.pdf?ua=1](http://www.euro.who.int/__data/assets/pdf_file/0003/322275/Action-plan-sexual-reproductive-health.pdf?ua=1)
- Young, H. (2013). Sexual health questions for use in the HBSC Study 2013/2014: Findings from an international pilot study [fyrirlestur á HBSC Spring Meeting; 19. júní 2013; St Andrews, Skotlandi].



Kolbrún D. Pálsdóttir og Ársæll Arnarsson. (2018).

Kynlífvirkni unglunga og samskipti þeirra við foreldra.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérriit 2018 – Menntakvika 2018. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika\\_2018/02.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/02.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.26>